

Fundur fjárhagsnefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 24. mars kl 13.00. Mætt voru Baldur Smári Einarsson, formaður, Elísabet Samúelsdóttir, Hrefna Jónsdóttir og Jón Árnason. Jóhann Birkir Helgason, boðaði forföll. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu og ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá

1. Ársreikningur FV 2022
2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2023
 - a. Nýjar tekjur
 - b. Ný útgjöld
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár

1. Ársreikningur FV 2022

Mætt til fundar Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur hjá Endurskoðun Vestfjarða. Formaður gaf Margréti orðið til að fara yfir niðurstöðu ársreiknings Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022.

Rekstrartekjur nema kr 282.816.683,- aðrar tekjur kr 2.404.121,-, samtals kr 285.220.804,-. Rekstrargjöld nema kr 283.824.504,-. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur nema kr 1.396.300,-, nettó fjármagnstekjur nema kr 948.462,-. Rekstrarniðurstaða nemur kr 2.344.262,-.

Fastafjármunir nema kr 4.903.701,-, veltufjármunir kr 121.491.485,-, eignir alls kr 126.395.186,-

Eigið fé kr 32.085.905,-. Langtímaskuld (Lífeyrisjóðskuldbinding) kr 8.329.842,-, skammtímaskuldir kr 85.979.439,-, skuldir alls kr 94.309.281,-, eigið fé og skuldir alls kr 126.395.186,-.

Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir. Vakin er athygli á að nú er lífeyrisjóðskuldbinding tilgreind í skuldum Fjórðungssambandsins.

Margrét tilgreindi að endurskoðandi Fjórðungssambandsins, Bjarki Bjarnason hefði lokið endurskoðun reikningsins og að hans mati gæfi reikningurinn glögga mynd af afkomu og efnahag Fjórðungssambandsins fyrir árið 2022.

Margrét og Aðalsteinn svöruðu fyrirspurnum um einstök atriði ársreikningsins.

Formaður gerði að tillögu að beina til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að samþykkja ársreikning fyrir árið 2022. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Margrét Högnadóttir vék af fundi.

2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2023

Baldur gaf Aðalsteini orðið.

Aðalsteinn kynnti drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2023 sem lögð verði fyrir 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga þann 12. apríl n.k..

Áætlunin gerir ráð fyrir að heildartekjur hækki um 26,5 mkr frá fjárhagsáætlun 2023 og nemi 270,2 mkr og rekstrargjöld hækki um 31,4 mkr og nemi 265,4 mkr. Rekstarniðurstaða verði jákvæð er nemur 4.450 þkr og nemur þeirri fjárhæð sem var ofúthlutað í Uppbyggingarsjóði á árinu 2022 og kom þá til lækkunar á efnahagreiðing en færist nú til baka.

Með áætluninni fylgir greinargerð til skýringar á einstaka tekju og útgjaldaliðum og vísast til hennar.

Formaður bar upp tillögu að vísa endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 til afgreiðslu stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Formaður þakkaði nefndarmönnum og sviðsstjóra fyrir vinnu á fundinum og sleit fundi kl 14.10.